



## Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri 2024 Keppnisskilmálar

Mótið heitir Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri

Árið 2024 fer mótið fram 30.-1. sept

30.ágúst - GM Bakkakot

31.ágúst - GKG Mýrin

1.sept - GK-Hraunið og Sveinskot(?) sem jafnframt heldur verðlaunaafhendingu og lokahóf.

Þátttökutilkynningar, fjöldi sveita, skulu sendar einni viku fyrir fyrsta mótsdag til [ulfar@gkg.is](mailto:ulfar@gkg.is).  
Þátttökugjöld skulu greidd eigi síðar en á fyrsta mótsdegi.

Greiðsla þátttökugjalds er kr. 25.000 per sveit og greiðist í seinasta lagi **27. ágúst á reikning GK kt. 680169-6919, reikningur 0140-26-005581**. Þátttökugjaldið stendur straum af kostnaði vegna þátttökuverðlauna og lokahófi sem fer fram hjá GR.

Nöfn leikmanna ásamt Golfbox númeri og uppröðun fyrir fyrstu umferð skal tilkynna til mótsstjórnar í síðasta lagi kl. 12:00 tveimur dögum fyrir fyrsta mótsdag. Hafi nafnalisti ekki borist í tíma er mótsstjórn heimilt að gefa klúbba 3 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum.

Keppninni er skipt upp í deildir, sem að hámarki geta orðið fimm miðað við að leikið sé á 9 holu velli. Í efstu deildinni, „Hvítu“, eru 6 sveitir, en 4 sveitir í næstu deildum fyrir neðan. Raða skal í deildir eftir forgjöf fjögurra forgjafarlægstu kylfinganna í hverri sveit.

Sex forgjafarlægstu sveitirnar fara í Hvítu deildina, næstu fjórar í Gulu deildina, Bláu deildina, Rauðu deildina, Grænu deildina og loks í Gráu deildina. Þó getur hver klúbbur aðeins verið með eina sveit í hverri deild. Þegar ljóst er hvaða sveitir skipa hverja deild skal draga um númer (1-6; 1-4) hvernar sveitar í deildinni.

Hver klúbbur getur sent fleiri en eina sveit, þó geta þær ekki verið í sömu deild. Ef fjöldi sveita fer yfir 26 hafa klúbbar með eina sveit forgang. Hlutkesti ræður hvaða klúbbur megi senda fleiri en eina sveit, ef þátttökufjöldi sveita fer umfram 26. Mótsstjórn er heimilt að bæta við deildum ef þátttaka er umfram 26 sveitir og svigrúm er til útræsingar á vellinum.

Sækja má um heimild til mótsstjórnar um að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni af sama landssvæði ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar.

Aldur miðast við almanaksár.

Mæti lið, sem tilkynnt hefur þátttöku, ekki til leiks á auglýstum tíma, hvort sem er í fyrstu eða síðari umferðum, skal sveitin sæta frávísun í heild. Úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrir í keppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins, að undanskildu því að úrslit skulu standa ef öllum leikjum í riðlum er lokið.

Mótsstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum deildum ef þáttökulið eru færri en þrjú.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótsstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila. Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þáttökugjalds.

Í Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri mega sveitir vera skipaðar drengjum eingöngu, telpum eingöngu eða vera blandaðar kynjum.

Leikið verður eftir *PGA Junior League* fyrirmyndinni, sem kallast *PGA krakkagolf* á Íslandi.

Hver sveit skal skipuð að lágmarki 4 leikmönnum og að hámarki 6 leikmönnum.

Leiknar eru 9 holur í hverri umferð með Texas Scramble höggleiks fyrirkomulagi, sem skiptast upp í þrjú þriggja holu leiki. Hver þriggja holu leikur gefur eitt flagg.

Mótsstjórn upplýsir hvaða teigum hver deild leikur á. Gert skal ráð fyrir að Hvíta deildin leiki á aftari teigum en hinar deildirnar.

Liðsstjóri ákveður tvo keppendur sem hefja leik og jafnframt raðar niður varamönnum ef einhverjir eru í liðinu. Hver keppandi verður að leika að minnsta kosti eitt flagg (3 holur).

Hver viðureign tveggja klúbba gefur 1 stig því liði sem sigrar. Alls eru 6 flögg í pottinum og það lið sem leikur á færri höggum samtals hvern þriggja holu leik vinnur það flagg. Það lið sem vinnur fleiri flögg samtals vinnur viðureignina og eitt stig. Ef lið leika þriggja holu leik á jafn mörgum höggum fær hvort lið hálf flagg. Ef lið skilja jöfn með 3 flögg fær hvort lið hálf stig.

Hver ráshópur verður að hafa einn fullorðinn einstakling sem heldur utan um skorið.

Fyrirmynd mótsins er PGA krakkagolf, og er sérstakt skorkort notað til að halda utan um stöðu leikja.

Einungis liðsfélagar geta verið kylfuberar.

Hvíta deildin - keppnin er leikin á eftirfarandi hátt:

Fyrsti keppnisdagur: Fyrsta umferð leika lið 1 gegn 2; 3 gegn 4; 5 gegn 6.

Fyrsti keppnisdagur: Önnur umferð leika lið 1 gegn 4; 3 gegn 6; 2 gegn 5.

Annar keppnisdagur: Þriðja umferð leika lið 1 gegn 3; 2 gegn 6; 4 gegn 5.

Annar keppnisdagur: Fjórtða umferð leika lið 1 gegn 6; 2 gegn 4; 3 gegn 5.

Priðji keppnisdagur: Fimmta umferð leika lið 1 gegn 5; 2 gegn 3; 4 gegn 6.

Gula, Bláa, Rauða og Græna deildin - keppnin er leikin á eftirfarandi hátt:

Fyrsti keppnisdagur: Fyrsta umferð leika lið 1 gegn 2; 3 gegn 4.

Annar keppnisdagur: Önnur umferð leika lið 1 gegn 3; 2 gegn 4.

Priðji keppnisdagur: Priðja umferð leika lið 1 gegn 4; 2 gegn 3.

Það lið sem hlýtur flest stig í Hvítu deildinni fær titilinn Íslandsmeistari golfklúbba 12 ára og yngri. Það lið sem vinnur flest stig í neðri deildum fær titilinn Deildarmeistari viðkomandi deildar. Hljóti tvö lið jafnmörg stig í efsta sæti ræður innbyrðis viðureign. Ef innbyrðis viðureign var jöfn eða ef fleiri en tvö lið fá jafnmörg stig, fær það lið sem vinnur fleiri flögg efra sætið. Ef enn er jafnt ræður hlutkesti úrslitum.

Mótsstjórn mótsins 2024 skipa Úlfar Jónsson GKG, Dagur Ebenezersson GM, Berglind Björnsdóttir GR og Karl Ómar Karlsson GK.

Rástímaáætlun m.við sex deildir.

Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri											
Rástímaáætlun											
1. dagur - GM Bakkakot				2. dagur - GKG Mýrin				3. dagur - Keilir Sveinskot			
9:00	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 2	1. umferð	9:00	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 3	3. umferð	9:00	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 5	5. umferð
9:10	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 2		9:10	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 3		9:10	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 5	
9:20	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 4		9:20	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 6		9:20	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 3	
9:30	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 4		9:30	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 6		9:30	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 3	
9:40	Hvíta deildin	Sveit 5 vs Sveit 6		9:40	Hvíta deildin	Sveit 4 vs Sveit 5		9:40	Hvíta deildin	Sveit 4 vs Sveit 6	
9:50	Hvíta deildin	Sveit 5 vs Sveit 6		9:50	Hvíta deildin	Sveit 4 vs Sveit 5		9:50	Hvíta deildin	Sveit 4 vs Sveit 6	
10:00	Gula deildin	Sveit 1 og Sveit 2		10:00	Gula deildin	Sveit 1 vs Sveit 3		10:00	Gula deildin	Sveit 1 vs Sveit 4	
10:10	Gula deildin	Sveit 1 og Sveit 2		10:10	Gula deildin	Sveit 1 vs Sveit 3		10:10	Gula deildin	Sveit 1 vs Sveit 4	
10:20	Gula deildin	Sveit 3 og Sveit 4		10:20	Gula deildin	Sveit 2 vs Sveit 4		10:20	Gula deildin	Sveit 2 vs Sveit 3	
10:30	Gula deildin	Sveit 3 og Sveit 4		10:30	Gula deildin	Sveit 2 vs Sveit 4		10:30	Gula deildin	Sveit 2 vs Sveit 3	
10:40	Bláa deildin	Sveit 1 og Sveit 2	10:40	Bláa deildin	Sveit 1 vs Sveit 3	10:40	Bláa deildin	Sveit 1 vs Sveit 4			
10:50	Bláa deildin	Sveit 1 og Sveit 2	10:50	Bláa deildin	Sveit 1 vs Sveit 3	10:50	Bláa deildin	Sveit 1 vs Sveit 4			
11:00	Bláa deildin	Sveit 3 og Sveit 4	11:00	Bláa deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	11:00	Bláa deildin	Sveit 2 vs Sveit 3			
11:10	Bláa deildin	Sveit 3 og Sveit 4	11:10	Bláa deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	11:10	Bláa deildin	Sveit 2 vs Sveit 3			
11:20	Rauða deildin	Sveit 1 og Sveit 2	11:20	Rauða deildin	Sveit 1 vs Sveit 3	11:20	Rauða deildin	Sveit 1 vs Sveit 4			
11:30	Rauða deildin	Sveit 1 og Sveit 2	11:30	Rauða deildin	Sveit 1 vs Sveit 3	11:30	Rauða deildin	Sveit 1 vs Sveit 4			
11:40	Rauða deildin	Sveit 3 og Sveit 4	11:40	Rauða deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	11:40	Rauða deildin	Sveit 2 vs Sveit 3			
11:50	Rauða deildin	Sveit 3 og Sveit 4	11:50	Rauða deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	11:50	Rauða deildin	Sveit 2 vs Sveit 3			
12:00	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 2	12:00	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 3	12:00	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 4			
12:10	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 2	12:10	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 3	12:10	Græna deildin	Sveit 1 og Sveit 4			
12:20	Græna deildin	Sveit 3 og Sveit 4	12:20	Græna deildin	Sveit 2 og Sveit 4	12:20	Græna deildin	Sveit 2 og Sveit 3			
12:30	Græna deildin	Sveit 3 og Sveit 4	12:30	Græna deildin	Sveit 2 og Sveit 4	12:30	Græna deildin	Sveit 2 og Sveit 3			
12:40	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 4	13:00	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 6	12:40	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2			
12:50	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 4	13:10	Hvíta deildin	Sveit 1 vs Sveit 6	12:50	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2			
13:00	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 6	13:20	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	13:00	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4			
13:10	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 6	13:30	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 4	13:10	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4			
13:20	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 5	13:40	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 5						
13:30	Hvíta deildin	Sveit 2 vs Sveit 5	13:50	Hvíta deildin	Sveit 3 vs Sveit 5						
13:40	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2	14:00	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2						
13:50	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2	14:10	Gráa deildin	Sveit 1 og Sveit 2						
14:00	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4	14:20	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4						
14:10	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4	14:30	Gráa deildin	Sveit 3 og Sveit 4						

